Patreksfjörður 8.1.2020

Sendandi: Strandveiðifélagið Krókur – félag smábátaeigenda í Barðastrandarsýslu

Umsögn um:

Mál 331/2019 - Drög að reglugerð um rafræna aflaskráningu

Fyrir liggur með þessu frumvarpi að skylda notkun rafrænnar afladagbókar og eða snjallsímaapps við skráningu afla og því yrðu margir nýjir notendur sem flestir eru félagsmenn smábátafélaganna.

Af afspurn hefur undirritaður eftir notendum núverandi rafrænu afladagbókarinnar að hún geti reynst mönnum flókin og ef fyrir mistök hlaupið er yfir eitthvert atriði eða mistök verða í færslu, að þá sé ekki hægt að bregðast við nema með samskiptum við notendaþjónustu þar sem menn hafa fengið reikning fyrir aðstoð við leiðréttingu.

Strandveiðifélagið Krókur vill koma eftirfarandi viðbótum við reglugerðina.

- Til tveggja ára frá gildisdagsetningu reglugerðarinnar verði leitast við að endurbæta hugbúnað sem notaður er, í samræmi við kannanir og reynslu af fyrirspurnum um aðstoð við notkun búnaðarins og verði notendaaðstoð á þessu tímabili gjaldfrí.
- Handfæraveiðar verði undanskildar skyldu til notkunar afladagbókar.
  Það getur ekki verið annað en hagræðing að notast við rafræn gögn frá vaktstöð siglinga til að greina staðsetningu báta á handfæraveiðum sem annars væru háð huglægu mati skipstjóra sem hugsanlega veiddi á 10 til 40 mílna svæði og enginn tilgangur að streyma inn ágiskuðum gögnum um afla þegar raungögn koma frá hafnarvogum allt niður í einni klukkustund frá því bátur hættir veiðum.

Vinnsla rafrænna gagna frá vaktsöð siglinga er vel framkvæmanleg og sé t.d. róður dagsettur eftir komu í höfn, má vinna mikið nákvæmari staðsetningu eftir hraða báts (skrá ferli þar sem bátur er á minna en tveggja hnúta hraða sem dæmi) og ef svo er raunin að LHG eða neyðarlínan sem rekstraraðili AIS kerfisins er að taka upp notkun gerfihnattasambands, þá væru gögnin raunveruleg öllum tímum (skuggablettir þá úr sögunni). Ekki er um að ræða skráningu fugla eða meðafla sem ekki kemur að landi og vonandi heyrir það sögunni til að menn séu látnir giska á vindátt og vindstyrk sem gagnast engum þegar aðgangur að stafrænum upplýsingum er til um raunveður. Þá eru staðsetningar báta á sjó öllum aðgengilegar á internetinu og því engin ástæða til að ferli báta úr afladagbók sé notuð til annars en greiningu á tíðni veiða eftir veiðarfærum fyrir Fiskistofu og Hafró.

F.h. strandveiðifélagsins Króks

Einar Helgason, formaður